

## Skýrsla stjórnar skólaárið 2011-2012

Í stjórn foreldrafélags Klettaskóla veturinn 2011-2012 sátu

Ragnheiður Sigmarsdóttir formaður

Ólöf Sigurðardóttir ritari / varaformaður

Lilja Rós Óskarsdóttir gjaldkeri

Meðstjórnendur

Guðlaug Elfa Ragnarsdóttir

Lára Magnea Jónsdóttir

Soffía Böðvarsdóttir

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Sara Halldórsdóttir og Ólafur Hilmar Sverrisson

## Skýrsla stjórnar .

Stjórn FK hittist reglulega við vorum líka duglegar að vera í e-mail sambandi. Það virkar mjög vel fyrir önnum kafið fólk.

### 28.ágúst 2011

Starfið byrjaði strax um haustið af krafti, en við fengum skemmtilegt boð frá Þjóðleikhússtjóra um að koma og sjá fyrstu sýningu á leikárinu, barnaleikritið Ballið á Bessastöðum.

Nemanda og einum fylgdarmanni var boðið og var vel mætt.

Skemmtilegt og lifandi leikrit sem hentaði flestum.

### 05.nóvember 2011

Halloween partý var haldið í sal skólans fyrir nemendur í 1. -10 . bekk og fjölskyldur þeirra. Salurinn var skeyttur hátt og lágt í viðeigandi skrauti beinagrindur, leðurblökur, kóngulær og fleira skuggalegt var upp um alla vegg.

Boðið var upp á seyðandi Nornadrykk, nornasleikjó og fl. sælgæti/ snakk.

Allir mættu í búningum, svo var bara dansað og leikið saman.

Vel var mætt og allir skemmtu sér mjög vel.

## 27.nóvember 2011

Héldum við jólaballið okkar í sal Grensáskirkju, hjónabandið kom og spilaði undir á meðan gengið var í kringum jólatréð. Hver fjölskylda kom með á sameiginlegt kökuhlaðborð, FK útvegaði drykki.

Jólasveinar kíktu í heimsókn og dönsuðu með krökkunum og gáfu þeim nammipoka. Vel var mætt.

## 03.desember 2011

Fengum við boð frá Söngvaborg að koma á söngskemmtun í Háskólabíó. Nemandi og fylgdarmanni var boðið. Þetta boð kom með litlum fyrirvara en ótrúlega margir sáu sér fært að mæta og höfðu gaman af.

## 18.febrúar 2012

Bingóið okkar, að þessu sinni var bingóið haldið í Vodafonehöllinni Hlíðarenda, spilaðar voru 10 umferðir, geggjað flottir vinningar svo var nafnabingó nemendur settu nöfnin sín í pott og svo var dregið úr honum. Það fór enginn tómhentur heim því þeir sem ekki höfðu fengið vinning fengu glaðning áður en farið var heim.

Seldar voru veitingar í hléinu. Góð og skemmtileg stund.

## Maí 2012

Vorhlaup skólans, foreldrafélag Klettaskóla hefur haft það fyrir venju að gefa öllum nemendum verðlaunapening eftir hlaupið. Þetta vekur mikla lukku og allir ánægðir að hafa unnið þennan dag.

Foreldrafélag Klettaskóla hefur í samvinnu við styrktarfélag lamaðra og fatlaðra séð um að reka sumarbúðir fyrir nemendur skólans, lengi vel voru þær á Laugalandi og var þá talað um sumarbúðir fatlaðra á Laugalandi, en svo hentaði húsnæðið ekki lengur og staðsetning svo farið var í að finna nýtt húsnæði og það fannst á Stokkseyri. Svo til sama starfsfólk, sömu áherslur og allt er eins, þá var ákveðið að kalla þetta Sumarland svo sumarbúðirnar yrðu ekki tengdar við staðinn sem þær væru á. Foreldrafélagið kemur þannig að þessu starfi að það reynir að útvega það fé sem vantar upp á reksturinn með styrkjum. Það gekk heldur brösuglega að safna núna en við áttum afgang síðan í fyrra svo þetta slapp til þetta árið. Sem táknar að næsta ár verðum við að spýta vel í lófana og vera dugleg að safna. En þetta er allt háð því hvaða viðbrögð við fáum frá fyrirtækjum.

Foreldrafélag Klettaskóla.